# Hlutabréfaútboð Íslandsbanka 13.-15. maí 2025

**Ef keypt voru hlutabréf í útboði Íslandsbanka á síðasta ári kann að vera að það þurfi að færa upplýsingar um kaupin á hlutabréfablað RSK 3.19 hafi þau ekki verið árituð.**

**Kaupin fara í flokkinn fyrir almenn hlutabréf.**

## 1 Hvar finn ég upplýsingar um kaupin?




Gott er að hafa gögn við hendina sem þú átt um kaupin.

Upplýsingar um kaupin eru væntanlega neðarlega á sundurliðunarblaðinu.

Upplýsingar um kaupin kunna að vera á fleiri en einum stað á **sundurliðunarblaðinu** og því er mikilvægt að finna viðeigandi upplýsingar. Svona birtast upplýsingar um kaup á sundurliðunarblaðinu.

```
Íslensk hlutabréf - Kaup

                          Seljandi  Kaupdagur  Nafnverð  Gengi  Kaupverð
Svanhvít Sæmundsdóttir
   Íslandsbanki hf.    540269-6459 15.05.2025     5.000 106,56   532.800
```

**Athugið!**
**Í flestum tilvikum hafa kaup á hlutabréfum í þessu hlutabréfaútboði Íslandsbanka verið árituð inn á hlutabréfablaðið RSK 3.19.**

## 2 Hvernig skrái ég kaupin?




Ef upplýsingar eru ekki áritaðar á hlutabréfablað RSK 3.19, verður að fara inn á hlutabréfablaðið og gera grein fyrir kaupunum.

**1. Byrjað er á því að opna hlutabréfablaðið.**
Það er undir „Sameiginleg fylgiskjöl" ef framtali er skilað með maka, en annars undir „Fylgiskjöl".

**2. Næsta skref ræðst af því hvort þú áttir þegar hlutabréf í félaginu.**

**Ef þú áttir í félaginu** er smellt á bláa hnappinn við hliðina á kennitölu félagsins

**Ef þú áttir ekki í félaginu** þarf að skrá inn kennitölu félagsins og velja svo bláa hnappinn. Ef það er ekki auður reitur fyrir nýja kennitölu, er smellt á hnappinn „Ný lína".

**1 - Almenn hlutabréf**







**3. Ef þú áttir ekki í félaginu fyrir kaupin þarftu að færa inn kennitölu kaupanda bréfanna í þrep 1 af 4. Ef þú áttir hlutabréf í félaginu fyrir kaupin eru þrepin þrjú.**

Hér sérðu á hvaða þrepi þú ert.

Hér á að færa inn hver er kaupandi bréfanna. Kaupandi getur verið þú sjálfur, maki eða börn.

Hér er flett á milli þrepa.

**4. Færa ber inn dagsetninguna 15. maí 2025, kennitöluna seljanda 5402696459, nafnverð keyptra hluta og kaupverð í viðeigandi reiti. Fast verð á hlut var 106,56 kr.***

Ef þú keyptir oftar en einu sinni í félaginu á síðasta ári á að setja inn upplýsingar um hver kaup fyrir sig í sér línu. Smellt er á hnappinn „Ný lína" til að fjölga línum.

**5. Að lokum er smellt á hnappinn „Áfram" til að komast er aftur á hlutabréfablaðið sjálft.**
Ef hlutabréf í félaginu voru seld á síðasta ári er gerð grein fyrir sölunni í þrepi 3. Gerð er grein fyrir arð-greiðslu og staðgreiðslu af arði í þrepi 4.

## 3 Hlutabréfablaðið fyrir og eftir skráningu kaupanna

### Hlutabréfablaðið áður en búið er að gera grein fyrir kaupum bréfanna

| Almennar upplýsingar | | | Hlutabréfaeign í upphafi árs | | Kaup | | Breyting | | Sala | | | | Arður og staðgreiðsla | | Hlutabréfaeign í árslok | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 Kennitala hlutafélags | | 2 Nafn hlutafélags | 3 Nafnverð | 4 Stofnverð (kaupverð) | 5 Nafnverð keyptra hlutabréfa | 6 Kaupverð | 7 Breyting á nafnverði | 8 Breyting á kaupverði | 9 Söluverð | 10 Nafnverð seldra hlutabréfa | 11 Stofnverð seldra hlutabréfa | 12 Söluhagnaður/ sölutap | 13 Arður | 14 Staðgreiðsla af arði | 15 Nafnverð | 16 Kaupverð (stofnverð) |
| 410109-1230 | | H&L hf. | 100.000 | 100.000 | | | | | | | | | 10.000 | 2.200 | 100.000 | 100.000 |
| | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Ný lína | | **Samtals** | **100.000** | **100.000** | | | | | | | | | **10.000** | **2.200** | **100.000** | **100.000** |

### Hlutabréfablaðið eftir að búið er að gera grein fyrir kaupunum

| Almennar upplýsingar | | | Hlutabréfaeign í upphafi árs | | Kaup | | Breyting | | Sala | | | | Arður og staðgreiðsla | | Hlutabréfaeign í árslok | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 Kennitala hlutafélags | | 2 Nafn hlutafélags | 3 Nafnverð | 4 Stofnverð (kaupverð) | 5 Nafnverð keyptra hlutabréfa | 6 Kaupverð | 7 Breyting á nafnverði | 8 Breyting á kaupverði | 9 Söluverð | 10 Nafnverð seldra hlutabréfa | 11 Stofnverð seldra hlutabréfa | 12 Söluhagnaður/ sölutap | 13 Arður | 14 Staðgreiðsla af arði | 15 Nafnverð | 16 Kaupverð (stofnverð) |
| 410109-1230 | | H&L hf. | 100.000 | 100.000 | | | | | | | | | 10.000 | 2.200 | 100.000 | 100.000 |
| 491008-0160 | | Íslandsbanki hf. | | | 5.000 | 532.800 | | | | | | | | | 5.000 | 532.800 |
| Ný lína | | **Samtals** | **100.000** | **100.000** | **5.000** | **532.800** | **0** | **0** | | | | | **10.000** | **2.200** | **105.000** | **632.800** |

* Leiðbeiningarnar eiga ekki við um kaup sem voru gerð í tilboðsbók B.